

From: [Þuríður María Guðmundsdóttir](#)
To: [Íbúaráð Miðborg og Hlíðar](#); skipulag@veitur.is
Subject: Hlíðarendi - Reitur A - Arnarhlíð 3 - auglýsing
Date: fimmtudagur, 17. október 2024 10:17:32
Attachments: [image001.png](#)
[image002.png](#)

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu að deiliskipulagi vegna Hlíðarendi - Reitur A - Arnarhlíð 3, birtist í Morgunblaðinu í dag, fimmtudaginn 17. október 2024. Tillagan er í kynningu frá 17. október 2024 til og með 28. nóvember 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgatt.is. Sjá eftirfarandi slóð:
<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1240>

Hlíðarendi - Reitur A - Arnarhlíð 3

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. september 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. október 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlíðarrenda vegna lóðarinnar nr. 3 við Arnarhlíð. Í breytingunni sem lögð er til felst að fjölga íbúðum, fella niður göng undir Flugvallarveg, auka byggingarmagn á jarðhæð, auka hlutfall 5. hæðar af stærð 4. hæðar, koma fylgilóðum vegna djúpgáma fyrir í borgargötum, breyta lóðastærð, mörk skipulagssvæðis færast að lóðamörkum, útbyggingar eru ávarpaðar og leikskólahugmyndir á lóð eru felldar niður. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 **frá 17. október 2024 til og með 28. nóvember 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 28. nóvember 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.



Með kveðju,

Þuríður María Guðmundsdóttir

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.